

Starfsáætlun Atvest 2014-2015

Í eftirfarandi áætlun þá verður gert grein fyrir þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á fyrir utan hefðbundna frumkvöðla og fyrirtækjaráðgjöf. Slík ráðgjöf er þjónusta sem félagið veitir skjólstæðingum sem til okkar leita, ráðast gæði og fjöldi verkefna af frumkvöðlum og athafnamönnum sjálfum. Á starfsárinu 2013/2014 þá voru um 150 ráðgjafaverkefni sem félagið vann að og gera má ráð fyrir sambærilegum fjölda á árinu 2014/2015.

Vöxtur

Markmið með starfsemi félagsins er að hagkerfi svæðisins vaxi.

Það er trú starfsmanna og stjórnar félagsins að :

Fjárfestingar + Rannsóknar og Þróunarstarf + Nýsköpun + Þekkingarverðmæti = Vöxtur

Eftirfarandi áherslulisti er settur fram sem áætlun en á ekki að vera takmarkandi fyrir starfsemi félagsins. Öll verkefni sem kunna að koma upp á starfsárinu og fela í sér auknar fjárfestingar í atvinnurekstri, rannsóknir og þróun, nýsköpun eða þekkingarverðmæti verður skoðað af víðsýni, umburðarlyndi fyrir nýjungum og fagmennsku.

Fjárfestingaverkefni

Unnið verður að því að kynna Vestfirði gagnvart innlendum og erlendum fjárfestum með það að markmiði að fjárfest verði í atvinnutækifærum á svæðinu. Slíkar fjárfestingar skila sér í fjölbreyttari atvinnustarfsemi og reynt verður að horfa til samfélagslega ábyrga fjárfestinga.

Gera má ráð fyrir því að til skemmri og lengri tíma skapist töluvert af fjárfestingatækifærum í hliðargreinum eldis t.d. fóðurframleiðslu, nótaþvotti, köfunarþjónustu, umbúðaframleiðslu, rannsóknarþjónustu og dýralæknarþjónustu. Lögð verður áhersla á að skoða þessi fjárfestingatækifæri bæði í gegnum Hvetjanda og líka með það fyrir augum að laða að nýja fjárfesta í slík verkefni.

Í ferðaþjónustu má gera ráð fyrir vaxandi tækifærum fyrir sérhæfð afþreyingarfyrirtæki í hafsækinni, náttúrutengdri ferðaþjónustu og annarri afþreyingu sem byggir á sérstöðu svæðisins. Jafnframt má gera ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í grunngerð/gildum ferðaþjónustu svo sem gistirýmum, veitingasölu og fleiru.

Í framleiðsluiðnaði má gera ráð fyrir því að unnið verði að verkefnum sem snúa að sjávarauðlindinni t.d. kalkþörungavinnslu eða eldi og ræktun/eldi nýrra tegunda sjávarfangs.

Hvetjandi

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða mun áfram sinna framkvæmdastjórn fyrir Hvetjanda. Sjóðurinn hefur stækkað og útlit er fyrir fleiri fjárfestingar á komandi mánuðum. Sjóðurinn þarf að stækka meira og verður unnið að því að efla hann enn frekar svo að hægt sé að fara í frekari vaxtarfjárfestingar á Vestfjörðum.

Vaxtarsamningur Vestfjarða

Í gegnum Vaxtarsamning Vestfjarða verða veittir styrkfjármunir til þróunarverkefna sem hafa skýr atvinnuþróunarmarkmið. Rannsóknar- og þróunarstarf starfandi fyrirtækja er mikilvægt og nauðsynleg forsenda fyrir því að hægt sé að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnugreina. Svæðisbundið nýsköpunarstarf er einnig mikilvægt og verður eftt í gegnum Vaxtarsamning Vestfjarða.

Rannsóknir og þróun

Haldið verður áfram stuðningi og þátttöku í rannsóknar og þróunarstarfi í öllum greinum atvinnulífsins. Undir þessum áherslum má gera ráð fyrir að það verði fyrirferðamikil vinna við verkefni tengd framleiðslu matvæla, sjávarafurða, afurða úr þara og þangi, berjaafurða, heilsufæðis og markfæðis.

Klasar

Frá 2005 hefur Atvest unnið að framþróun klasa á svæðinu. Áberandi eru klasar í sjávarútvegi, eldi og ferðaþjónustu. Haldið verður áfram að vinna með þeirri aðferðafræði þar sem lögð er áhersla á fjölgun rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna. Það er von Atvest að klasastarfið leiði til fjárfestinga og atvinnuuppbyggingar í sjávarútvegi, t.d. í kringum eldi og frekari vöruþróun, sem og fjárfestinga í rannsóknnum. Í ferðaþjónustu verður lögð áhersla á verkefni sem geta aukið markaðshlutdeild Vestfjarða auk þátttöku í verkefnum sem geta leitt af sér nýjar afþreyingartengdar afurðir ásamt fjárfestingum í gisti- og hótélrymum, má þar nefna sérstaklega verkefni eins og Vatnavini og Sjávarsmiðjuna á Reykhólum.

Frumkvöðlasetur

Í húsnæði Atvest á Ísafirði hefur verið starfrækt frumkvöðlasetur sem verður rekið áfram á starfsárinu 2014/2015. Í setrinu er unnið að nýsköpunar- og þekkingarverkefnum sem geta leitt af sér ný fyrirtæki og atvinnutækifæri.

Menningartengd atvinnuuppbygging og skapandi greinar

Fjölbreytni í atvinnulífinu getur komið í gegnum menningartengda ferðaþjónustu, viðburði eða atvinnustarfsemi sem tengist skapandi greinum. Atvest mun styðja við viðburði og verkefni sem eru á þessu sviði með faglegri verkefnisstjórn og ráðgjöf eftir þörfum. Jafnframt verður lögð áhersla á að vinna með samstarfsaðilum að kynningu svæðisins gagnvart kvikmyndatökum og öðru leiknu efni. Markmiðið er að á svæðinu verði farið í upptökur og sýningar sem geta aukið eftirspurn eftir þjónustu innan svæðisins ásamt því að kynna svæðið. Í öðrum skapandi verkefnum verður reynt að leggja áherslu á að skapa atvinnutækifæri og verðmæti.

Greiningarvinna, þekking og þekkingarmiðlun

Þekking á svæðisbundnum aðstæðum og framþróun atvinnulífs er mikilvæg fyrir uppbyggingu á hagkerfi Vestfjarða, en ekki síður til að verja atvinnulífið. Mikill skortur er á miðlægum upplýsingum um aðstæður á Vestfjörðum og hefur Atvest verið leiðandi á því sviði að rannsaka atvinnulíf og forsendur byggðar á Vestfjörðum. Framkvæmdar hafa verið greiningar á: atvinnulífi, ferðaþjónustu, sjávarútvegi, þjónustu opinberra stofnana, afstöðu íbúa, opinberum framlögum, efnahagslegum áhrifum Háskólaseturs Vestfjarða og efnahagslegum áhrifum eldis. Stefnt er að því að halda þessu

áfram í samstarfi við helstu hagsmunaaðila félagsins. Jafnframt er mikilvægt að miðla upplýsingum um nýjungar og nýsköpun á svæðinu og haldnar sérstaklega ráðstefnur og sýningar í þeim tilgangi.

Atvest mun hvetja til aukins samstarfs og samráðs um aukna menntun og námskeiðshalds sem snýr að frumkvöðlafræðum og fyrirtækjarekstri.

Sem hluti af þekkingarstarfi Atvest erður unnið að mótun á heilðrænum atvinnustefnum fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum, ásamt því að fylgja eftir verkefnum sem koma fram við mótun á slíkum stefnum.